

Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði

Hlíðaskóla fyrir starfsárið 2019-2020

Höfundur: Eirný Þórólfsdóttir, meðstjórnandi foreldrafélags Hlíðaskóla

Í skólaráði sitja skólastjóri, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda og fulltrúi grenndarsamfélagsins. Það má segja að þessir tveir fulltrúar foreldra séu nokkurs konar málþípa foreldrasamfélagsins inn í ráðið.

Skólaráð fjallar meðal annars um skólanámskrá og starfsáætlun, fjallar um meiriháttar breytingar á skólalaldi, fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda, fjallar um skólareglur og um erindi frá skólanefnd eða foreldrafélagi. Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda.

Vilji er fyrir því að skólaráð hittist fjórum sinnum yfir skólaárið. Skólaárið 2019-2020 hittist skólaráð þrisvar í heildina; í október, febrúar og maí.

Á skólaráðsfundum skólaárið 2019-2020 voru umtalsefnin margvísleg. Skólastjórnendur kynntu að Hlíðaskóli stefnir að því að verða þekkingarskóli í leiðsagnarnámi, en í leiðsagnarnámi fer símat fram og ekki stór lokapróf. Einnig kynnt að Hlíðaskóli tekur þátt í námi á vegum endurmenntunar í Peers-félagsfærni. Eins kynntu skólastjórnendur afrakstur þemadaga nemenda sem haldnir voru í október.

Skólaráð las yfir og gerði athugasemdir við starfsáætlun fyrir skólaárið. Einnig fjallaði ráðið um skóladagatal næsta skólaárs og samþykkti. Skólaráðsfulltrúar foreldra gerðu athugasemdir við fyrirkomulag starfsdaga, en þau svör fengust að skólanum er þröngur stakkur skorinn og ef róttækar breytingar eiga að verða þarf að eiga samtalið við skóla- og frístundasvið. Skólaráð las líka yfir nýjar inntökureglur fyrir Táknmálssvið Hlíðaskóla.

Rætt um eðlilegan svartíma starfsmanna við tölvupósti og vankanta við nýja útgáfu Mentors, þegar póstur barst ekki öllum foreldrum eftir uppfærslu.

Rætt var um knappan matartíma nemenda og plássleysi, en matartími nemenda er þrískiptur og fær hver hópur 20 mín í mat.

Enn fjölgar í skólanum og fyrirsjáanlegt að upphugsá þurfi nýjar lausnir varðandi íþróttatíma skólaárið 2020-2021. Fyrirspurn komið á framfæri varðandi það hvort Hlíðaskóli gæti tekið skref í átt að því að verða Heilsueflandi skóli.

Skólaráðsfulltrúar foreldra komu ýmsum málum á framfæri á skólaráðsfundum. T.d. bornar fram fyrirspurnir frá foreldrum varðandi skólasund. M.a. fyrirkomulag sundtíma, sundstaði, tímasetningar sunds og hvernig sund í síðasta tíma skóladags stangaðist á við tómsundur seinnipart dags, rútuferðirnar í sund og hversu knappur tíminn er fyrir börnin að athafna sig eftir sundtíma. Í kjölfarið var sundhópum breytt og þeir minnkaðir til að koma í veg fyrir árekstra við tómsundur. Einnig rætt um möguleika á kynjaskiptingu. Slík skipting þótti ekki koma til álita þar sem hún þykir ekki koma til móts við fjölbreytileika skólasamfélagsins.

Einnig rætt um skólalóðina, sem mikill vilji er fyrir af hálfu starfsfólks, foreldra og ekki síst barna að verði breytt og bætt, en fjármagn skortir. Sérstaklega þarf að betrubæta svæðið sem nemendur á miðstigi hafa til umráða. Reynt hefur verið að fá inn fjármagn í gegnum Betri Reykjavík kosningu, en ekki tekist, verkefni tengt því að bæta skólalóð Hlíðaskóla hefur ekki hlotið brautargengi. Í kjölfar umræðu um mikilvægi þess að salta og sanda skólalóðina í hálfu endaði málið á borði stjórnar Foreldrafélagsins sem fjármagnaði kaup á söltunar- og söndunarvél til hálfis á móti skólanum.

Rætt var um skólabílaakstur í Suðurhlíðar, en ákvörðun um að hætta akstri var frestað af hálfu skóla- og frístundasviðs.

Rætt var um verkleg þegar barn veikist á skólatíma - mikilvægt í þeim tilfellum að foreldrar fái að tala við starfsmann skólans til að átta sig á alvarleika veikinda.

Einnig rætt hversu erfitt hefur reynst að kalla bekkjarfulltrúa til starfa í sumum tilfellum. Bekkjarkennarar hafa í lok haustfunda kallað eftir bekkjarfulltrúum úr hópi foreldra, en í sumum

tilfellum eru undirtektir dræmar og engir bekkjarfulltrúar fást til starfa. Þetta er miður því bekkjarfulltrúar eru mikilvægir stjórn Foreldrafélagsins. Spurning hvort hægt sé að kalla eftir bekkjarfulltrúum á annan hátt næsta skólaár.

Rætt um möguleika þess að Hlíðaskóli prófi tímabundið að vera símalaus skóli. Nemendur í ráðinu bentu á mikilvægi þess að hafa samráð við nemendur og að bjóða þyrfti upp á afþreyingu í stað síma fyrir unglिंगadeild ef af yrði.

Fyrirspurn um málefni félagsmiðstöðvarinnar Gleðibankans komið á framfæri. Starfsemin gengur vel og nemendur eru duglegir að mæta. Aðstæður þar eru þó engan vegin ásættanlegar og plássleysið mikið. Ekki fyrirsjáanlegt að úr rætist á næstunni. Búið er að skoða ýmsa möguleika, en hentugra húsnæði er af skorum skammti í hverfinu.

F.h. fulltrúa foreldra í skólaráði Hlíðaskóla
Eirný Þórólfsdóttir